



SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR STARFSÁRIÐ 2021



Gríðarlegur uppgangur

Mikil aukning hefur orðið á vinsældum sportsins á síðustu árum og var 2021 enn eitt metárið en frísbíggolf er nú orðið ein vinsælasta almenningssíþrótt landsins. Vinsælustu folfvellirnir voru þétt setnir og fjölgun nýrra spilara greinileg. Völlunum fjölga enn og nú eru þeir orðnir 80 um allt land. Margar ástæður eru fyrir þessum miklu vinsældum, m.a. auðvelt aðgengi, lítill kostnaður og auðvitað hversu gaman það er að kasta diskum.

Við höfum verið að hvetja sveitarfélög til þess að setja upp velli þannig að íbúar geti stundað þessa skemmtilegu íþrótt enda mikill þrýstingur kominn á það frá almenningi. Þannig höfum við reynt að leggja áherslu á staði þar sem langt er í næsta völl. Einnig höfum við verið að þrýsta á aðila að stækka 9 brauta velli í 18 brautir auk þess að setja alvöru heilsársteiga sem eykur möguleika á nýtingu gríðarlega.


Samkvæmt niðurstöðu neyslu- og lífstílskönnunar Gallup þá má reikna með að um 55 þúsund manns hafi spilað frísbíggolf á árinu 2021 sem er auðvitað ótrúlegur fjöldi og greinilegt að margir eru að uppgötva frísbíggolfið.

COVID 19

Auðvitað var árið skrítið þar sem sóttvarnareglur voru í gildi nánast allt árið en það bitnaði mismikið á sportinu. Allir hefðbundnir fundir breyttust í fjarfundi, leikmannafundir voru ekki haldnir og hópamyndanir voru ekki í boði. Þannig breyttust mótin okkar lítillega þannig að keppendur mættu beint á teig og verðlaunaafhending var jafnóðum og keppendur luku leik. Öll stóru mótin voru haldin en einhver tilfærsla varð á minni mótum en raskið var töluvert minna en árið 2019. Mikill vöxtur varð í almenri spilun enda frísbíggolf mjög hentugt almenningi með tilliti til sóttvarna.

Betri vellir

Við hjá ÍFS höfum verið í átaki um að gera vellina betri og eru þar góðir teigar aðalmálið. Sú mikla notkun sem orðin er á völlum alla mánuði ársins kallar á endurbætur á þeim til þess að þola þetta mikla álag. Góðir teigar með gervigrasi, grasmottur í kringum körfurnar og göngustígar er hluti þess sem við höfum verið að kalla eftir.



Flestir vellir eru á Íslandi mv. höfðatölu

Ísland: 1 völlum á hverja 4.500 íbúa
Finnland: 1 völlum á hverja 9.252 íbúa
Bandaríkin: 1 völlum á hverja 50.520 íbúa

Nýir vellir

Árið 2021 voru settir upp 10 nýir vellir hér á landi og er heildarfjöldinn því orðinn 80. Áfram verður lögð áhersla á að setja upp nýja velli á stöðum þar sem þeir eru ekki og reyna þannig að gefa sem flestum landsmönnum kost á því að spila frísbíggolf. Einnig er mikilvægt að stækka velli á vinsælum stöðum og fjölga keppnisvöllum.

Nýr 27 brauta keppnisvöllur er á dagskrá

Viðræður eru hafnar við nokkur sveitarfélög um að finna heppilegt land undir nýjan keppnisvöllum. Verið er að skoða ýmsa möguleika þar en það getur orðið flókið að finna heppilegt svæði með trjágróðri, auðveldu aðgengi og sem ekki er notað til annarrar afþreyingar.

Hamrar Akureyri

Besti keppnisvöllur landsbyggðarinnar fékk andlitslyftingu og nú eru komnir góðir teigar á flestar brautir auk þess sem breytingar voru gerðar á nokkrum brautum. Búið er að fá fjármagn í að endurnýja elstu körfurnar (fyrri 9) og verða því allar körfur af bestu gerð í byrjun keppnissumarsins 2022.

Háskólavöllurinn Akureyri

Haldið var áfram með teigagerð á þessum skemmtilega velli og nú eru að komnir teigar á allar brautir. Það skiptir miklu máli í þessu torfæra landslagi sem þarna er.

18 brauta völlum fjölga

Í sumar var Selfossvöllur stækkaður upp í 18 brautir auk þess sem æfingaaðstaða var útbúin við völluminn, bæði til langkasta og púttis. Það eru því komnir 5 átján brauta vellir á landinu: Gufunesvöllur, Hamravöllur Akureyri, Háskólavöllurinn Akureyri, Njarvíkurskógar við Reykjanesbæ og á Selfossi.



Grafarholtsvöllur

Á árinu var aðstaðan í Grafarholti bætt verulega. 12 brauta púttvöllur „Græningi“ var settur upp í skóginum og í haust var kláruð smíði á æfingapalli þar sem hægt er að æfa langskotin en fimm manns geta æft í einu á pallinum. Þetta er eitt af flottustu æfingarsvæðum sem byggð hafa verið fyrir frísbíggjöld.

Í farvatninu er síðan stækkun á aðalvellið í 18 brautir og vonir eru um að þær framkvæmdir fari af stað fljótlega enda orðin mikil þörf á öðrum stórum keppnisvelli á höfuðborgarsvæðinu.


Gufunesvöllur

Vegna nýs göngu- og hjólastígs sem kominn er í notkun þá þurfti að fara í töluverðar breytingar og tilfærslur á vellinum í Gufunesi. Nokkrar brautir lögðust af en nýjar komu í staðinn. Verktaki var fenginn í stærri framkvæmdir en haldin var vinnuhelgi þar sem öflugir folfarar mættu og tóku til hendinni svo um munaði. Völlurinn hefur aldrei verið flottari en einmitt núna. Öll stærri mót á höfuðborgarsvæðinu fóru fram á vellinum á árinu auk þess sem þriðjudagsdeildin var keyrð þar. Vegna mikillar fjölgunar keppenda þá var Gufunesvöllurinn sá eini sem ræður við þennan mikla fjölda.

Mótamál

Sprenging varð á árinu í þátttöku á mótum og í fyrsta sinn þurftum við að glíma við biðlista á vinsælustu mótunum. Góð þátttaka var í öllum flokkum sem boðið var upp á og gaman að sjá aukinn áhuga bæði hjá konum og í barnaflokkum. Brugðist var við þessu á ýmsan hátt, settar reglur um biðlista og reynt að stækka mót eins og kostur var.

Vegna sóttvarnareglna féllu allir hefðbundnir leikmannafundir niður og keppendur voru hvattir til að safnast ekki saman heldur mæta beint á sinn teig. Þetta gekk nokkuð vel en fólk er farið að sakna þess að hittast í stærri hópum á þessum mótum og vonandi verður það raunin á komandi keppnisári.



Þeir 80 vellir sem núna eru komnir upp eru:

- | | | |
|---------------------------------|----------------------------------|----------------------------------|
| 1. Úlfjótavatn 2002 | 28. Neskaupsstaður 2016 | 55. Svalbarðseyri 2018 |
| 2. Gufunes 2003 | 29. Reykjanesbær 2016 | 56. Vogar Vatnsleysuströnd 2018 |
| 3. Hamrar Akureyri 2003 | 30. Vestmannaeyjar 2016 | 57. Vík í Mýrdal (6 stk.) 2019 |
| 4. Hólavátn 2004 (5 körfur) | 31. Kópavogsdalur 2017 | 58. Akureyri Háskólasvæði 2019 |
| 5. Vatnaskógur 2004 (5 körfur) | 32. Búðardalur 2017 | 59. Seyðisfjörður 2019 |
| 6. Klambratún 2011 | 33. Höfn í Hornafirði 2017 | 60. Borgarfjörður Eystri 2019 |
| 7. Möðrudalsöræfi 2010 (3 stk.) | 34. Hrafnagil Eyjafirði 2017 | 61. Reykjanesbær 2020 |
| 8. Miðhúsaskógur 2011 | 35. Selfoss 2017 | 62. Breiðdalsvík 2020 |
| 9. Akranes 2011 | 36. Stokkseyri 2017 | 63. Vopnafjörður 2020 |
| 10. Flateyri 2013 | 37. Reykhólahreppur 2017 | 64. Grundarfjörður 2020 |
| 11. Mosfellsbær 2014 | 38. Drangsnæs 2017 | 65. Hveragerði 2020 |
| 12. Viðistaðatún 2014 | 39. Hvolsvöllur 2017 | 66. Grímsey 2020 |
| 13. Fossvogur 2014 | 40. Hella 2017 | 67. Þórshöfn 2020 |
| 14. Laugardalur 2014 | 41. Grafarholt 2017 | 68. Ásbrú Reykjanesbæ |
| 15. Breiðholt 2014 | 42. Árskógsströnd 2017 (3) | 69. Grindavíkurskógur 2020 |
| 16. Apavatn 2014 | 43. Kleppur 2017 | 70. Hallormsstaður 2020 |
| 17. Flúðir 2014 | 44. Krísuvík 2017 | 71. Blönduós 2021 |
| 18. Bifröst 2014 | 45. Hvanneyri 2017 | 72. Stykkishólmur 2021 |
| 19. Hrísey 2014 | 46. Guðmundarlundur 2018 | 73. Raufarhöfn 2021 |
| 20. Hamrakotstún 2014 | 47. Fáskrúðsfjörður 2018 | 74. Mývatnssveit 2021 |
| 21. Húsavík 2015 | 48. Árnes (Skeiða- og Gnúp) 2018 | 75. Grundarfjörður 2021 |
| 22. Egilsstaðir 2015 | 49. Grindavík (4 stk.) 2018 | 76. Grafarholt púttvöllur 2021 |
| 23. (Glerárvöllur 2015) | 50. Sauðárkrúkur 2018 | 77. Ólafsvík (4 körfur) 2021 |
| 24. Seltjarnarnes 2015 | 51. Eiðar 2018 | 78. Rif (4 körfur) 2021 |
| 25. Seljavöllur 2015 | 52. Þorlákshöfn 2018 | 79. Hellissandur (4 körfur) 2021 |
| 26. Bolungarvík 2015 | 53. Vífisstaðir Garðabæ 2018 | 80. Laugaland 2021 |
| 27. Eiðsvöllur 2015 | 54. Eyrarbakki 2018 | |



Gríðarleg aukning keppenda.

Það varð ánægjuleg þróun í mótamálum á árinu því gríðarleg ásókn var í öll mót og þátttaka slík að í fyrsta sinn voru biðlistar á mörgum mótum á árinu. Þrátt fyrir harðar sóttvarnareglur á árinu 2021 þá náðum við að halda öll stærstu mótin okkar (Íslandsbikarinn) og mest af minni mótum. Með ákveðni aðlögun s.s. að fella niður hópamyndanir, nota rástímastart og breyta fyrirkomulag á verðlaunaafhendingum tókst mjög vel að halda flest mót á árinu.

Keppnisflokkar 2021

Opinn meistaraflokkur - MPO

Meistaraflokkur kvenna - FPO

Stórmeistaraflokkur 40+ - MP 40

Stórmeistaraflokkur 50+ - MP 50

Almennur flokkur 1 - MA1

Almennur flokkur 2 - MA2

Almennur flokkur 3 - MA3

Almennur flokkur kvenna 1 - FA1

Almennur flokkur kvenna 2 - FA2

Ungmennaflokkur: 18 ára og yngri - MJ18

Barnaflokkur: 12 ára og yngri - MJ12

Íslandsbikarinn var nú haldinn fjórða árið í röð og mótaröðin er alltaf að verða öflugri. Þetta er mótaröð 5 stærri móta og er miðað við að eitt sé í hverjum mánuði. Fá keppendur stig fyrir hvert mót sem þeir keppa á og gilda þrjú bestu mótin. Öll þessi mót eru PDGA vottuð og er reynt að hafa umgjörðina um þau flottari en önnur mót. Íslandsmótið er hluti þessarar mótaröðar og var fjórða mótið af þessum fimm.

Þriðjudags- og fimmtudagsdeildin


Þriðjudagsdeildin var haldin yfir sumarmánuðina og er oftast í 6 vikna lotum. Haldnar voru Þriðjudagsdeildir hjá FGR og FGA en þar hefur þriðjudagsdeildin fengið styrktaraðila, Subway, folfdiskar.is og Ísbúðina og bera því deildirnar nöfn þessara fyrirtækja *Subway deildin*, *Folfdiskar.is deildin* og *Ísbúðin Akureyri deildin*. Það er áhugavert að fylgjast með þessum áhuga fyrir norðan að kosta keppnir og viðburði hjá FGA.

Fimmtudagsdeildin var einnig haldin hjá FGR og nú fimmta árið í röð. Sú keppni er ætluð óvanari keppendum sem eru að stíga sín fyrstu skref í keppni á mótum og greinilegt að mikil þörf er fyrir þannig mót, sérstaklega ef við ætlum að fjölga keppendum hér á landi. Mikill áhugi var á þessum mótum í sumar og biðlisti myndaðist á flest þeirra.

Önnur mót

Mörg önnur stök mót eru haldin s.s. BlackBox Open á Akureyri, Úllí ljóti á Úlfjótavatni, Ljósanæturmótið o.fl. Vegna mikillar þátttöku á mótum í sumar var ákveðið að bjóða upp á ný mót fyrir byrjendur sem nefndust Aukakast og eins og áður var gríðarleg þátttaka á því móti. Greinilegt að mikil eftirspurn er eftir þannig mótum.

Fjöldi keppenda á Íslandsmótum



Íslandsmótið

Íslandsmótið er ávallt stærsta mót hvers árs en við höldum fyrsta Íslandsmótið fyrir 19 árum eða árið 2002. Mótið fer fram síðustu helgina í ágúst og vorum við nokkuð heppin með veðrið í þetta sinn. Mótið fór fram á Gufunesvelli.

Gríðarleg aðsókn var á mótið en alls tóku 144 keppendur þátt sem er nýtt met en þess má geta að tæplega 40 manns voru á biðlista um að fá að keppa. Mótið var því ekki aðeins fjölmennasta Íslandsmótið heldur fjölmennasta frisbígolfmót sem haldið hefur verið til þessa hér landi. Mótsstjóri var Berglind Ásgeirsdóttir en henni til aðstoðar voru Svandís Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðrún Fjóra Guðmundsdóttir, Dagur Ammendrup auk fjölda annarra sem komu til aðstoðar en alls störfuðu 16 manns við mótið.

Íslandsmeistarar urðu sem hér segir:

Opinn meistaraflokkur (MPO): Blær Örn Ásgeirsson 160 köst

Í öðru sæti varð Mikael Máni Freysson á 163 köstum og í þriðja sæti varð Arnþór Finnsson á 167 köstum

Meistaraflokkur kvenna (FPO): María Eldey Kristinardóttir 202 köst (sigraði eftir bráðabana)

Í öðru sæti varð Kolbrún Mist Pálsdóttir á 202 köstum og í þriðja sæti varð Guðrún Fjóra Guðmundsdóttir á 225 köstum

Stórmeistaraflokkur 40+ (MP40): Árni Sigurjónsson 178 köst

Í öðru sæti urðu jafnir Eyþór Örn Eyjólfsson og Bogi Bjarnason á 191 kasti

Stórmeistaraflokkur 50+ (MP50): Birgir Ómarsson 201 kast

Í öðru sæti varð Haukur Arnar Árnason á 202 kasti og Stefán Sigurjónsson í þriðja sæti á 204 köstum

Almennur flokkur 1 (MA1): Kristinn Þorri Þrastarson 181 kast

Í öðru sæti varð Haukur Bragason á 183 köstum og í þriðja sæti varð Ólafur Kristinn Jónsson á 184 köstum

Almennur flokkur 2 (MA2): Haukur Arnarson 198 köst (sigraði eftir bráðabana)

Í öðru sæti varð Daníel Heiðar Jónsson á 198 köstum og í þriðja sæti varð Otti Halldórsson á 198 köstum

Almennur flokkur 3 (MA3): Ægir Tómasson 197 köst

Í öðru sæti varð Daníel Örn Eyþórsson á 200 köstum og í þriðja sæti varð Alex Ívarsson á 206 köstum

Almennur flokkur kvenna 1 (FA1): Margrét Traustadóttir 255 köst

Í öðru sæti varð Elín Valgerður Gautadóttir á 256 köstum og í þriðja sæti varð Sunneva Lind Blöndal á 259 köstum

Almennur flokkur kvenna 2 (FA2): Harpa María Reynisdóttir 232 köst

Í öðru sæti varð Elín Arna Ingólfssdóttir á 253 köstum og í þriðja sæti varð Erla Steinþórsdóttir á 261 kasti

Ungmennaflokkur 18 ára og yngri (MJ18): Andri Fannar Torfason 180 köst

Í öðru sæti varð Trausti Freyr Sigurðsson á 182 köstum og í þriðja sæti varð Rafael Rökkvi Freysson á 187 köstum

Barnaflokkur 12 ára og yngri (MJ12): Ares Áki Guðbjartsson 196 köst

Í öðru sæti varð Eyvindur Páll Ólafsson á 207 köstum og í þriðja sæti varð Kristófer Breki Daníelsson á 237 köstum



Íslandsbikarinn mótaröð

Íslandsbikarinn var haldinn í þriðja skiptið en þetta er mótaröð 5 stærri móta og gilda 3 efstu mótin til stiga. Eitt mót er í hverjum mánuði og var Íslandsmótið eitt þeirra.

Þessi mót voru:

- Mai** - Opna Reykjavíkurmótið FGR (Frisbígolf félag Reykjavíkur) 21.-23. maí
- Júní** - Sólstöðumót FGR (Frisbígolf félag Reykjavíkur) 18.-20. júní
- Júlí** - Lemon mótið (Norðurlandsmótið) - FGA (Frisbígolf félag Akureyrar) 23.-25. júlí
- Ágúst** - Íslandsmótið ÍFS 27.-29. ágúst
- September** - Þorramótið FGR (Frisbígolf félag Reykjavíkur) 10.-12. september

Mjög góð þátttaka var í Íslandsbikarsmótaröðinni en yfir 220 kepptu í henni og voru veitt verðlaun í öllum 11 flokkum mótanna.

Sigurvegarar Íslandsbikarsins urðu eftirtalin:

- Opinn meistaraflokkur** (MPO): Blær Örn Ásgeirsson
- Meistaraflokkur kvenna** (FPO): María Eldey Kristínardóttir
- Stórmeistaraflokkur 40+** (MP40): Árni Sigurjónsson
- Stórmeistaraflokkur 50+** (MP50): Haukur Arnar Árnason
- Ungmennaflokkur 18 ára og yngri** (MJ18): Trausti Freyr Sigurðsson
- Barnaflokkur 12 ára og yngri** (MJ12): Ares Áki Guðbjartsson
- Almennur flokkur 1** (MA1): Ólafur Þorbergsson
- Almennur flokkur 2** (MA2): Otti Halldórsson
- Almennur flokkur 3** (MA3): Ægir Tómasson
- Almennur flokkur kvenna 1** (FA1): Sunneva Lind Blöndal Ólafsdóttir
- Almennur flokkur kvenna 2** (FA2): Harpa María Reynisdóttir



Evrópumótið í Tékklandi

12 manna hópur keppenda tók þátt í Evrópumótinu í frísbíggf sem haldið var á vellinum í Konopiste í Tékklandi í ágúst. Mótið er haldið af EDGF (European Discgolf Federation) á tveggja ára fresti. Mótið átti að halda 2020 en var frestað vegna Covid. Vegna sóttvarnartakmarkana var ekki mikið um aðra þátttöku Íslendinga erlendis að ræða á árinu 2021.

Kvennamótaröðin og kvennahittingar

Greinileg aukning er í þátttöku kvenna í frísbíggf og áhugi þeirra er að aukast á hverju ári. ÍFS hefur staðið í nokkur ár fyrir sérstakri kvennamótaröð auk þess sem áhugasamar konur undir forystu Guðrúnar Fjólu, Kolbrúnar Mist og Guðbjargar Ragnarsdóttur hafa staðið fyrir sérstökum kvennahittingum sem hafa verið mjög vel heppnaðir.

Haust- og vetrarmót

FGR hefur staðið fyrir nokkrum mótaraðum yfir vetrartímann s.s. Ljósaseríunni þar sem spilað er í myrkri með ljós í diskum, Kuldakast sem er haldið alla sunnudaga yfir vetrarmánuðina, Sunnudagsdeild og Bjartsýniskast. Þúttdeildir eru haldnar yfir vetrarmánuðina bæði í Reykjavík, Akureyri og Suðurnes.

Vefsíða – samfélagsmiðlar

ÍFS heldur úti einni vefsíðu, folf.is þar sem hægt er að finna allar almennar upplýsingar s.s. um vellina, mótin, reglur o.fl. Auk þess notum við Facebook síður sem samskiptavettvang við almenna spilara og ólíka hópa. Þessar síður eru mjög góður vettvangur fyrir fyrirspurnir og kynningar s.s. á mótum o.fl. Aðsókn á almennu FB síðuna er alltaf að aukast og greinilegt að margir fylgjast vel með þeim fréttum sem við setjum þar inn.

Markaðsmál og kynningar

Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á kynningar- og markaðsmál enda mikilvægt fyrir nýja íþrótt að láta vita af sér. Mikill munur er á hversu vel sportið er orðið þekkt og varla til sá Íslendingur sem ekki veit hvað frísbíggf er. Á árinu 2021 héldum við áfram að prenta A5 kynningarbæklinginn okkar og dreifa honum við ýmis tækifæri auk þess sem hann er ávallt til í Frísbíggfbúðinni. Við héldum áfram að koma myndböndunum á framfæri sem við gerðum 2020 og ljóst er að margir hafa nýtt sér þau til fróðleiks. Reglulega koma kynningar og fréttir af okkur enda dugleg að senda fjölmiðlum efni þó að birting á því sé ekki eins mikil og við vonumst til. Skemmtileg grein um okkur birtist í tímariti PDGA, Discgolfer þar sem fjallað var um uppganginn í sportinu hér á landi.

Gallup könnun sýnir áframhaldandi vinsældir

Eins og í fyrra þá gerði Gallup könnun fyrir okkur og niðurstaðan sú að enn fleiri eru að spila frísbíggf en alls voru um 55.000 manns sem spiluðu sportið á árinu 2021. Aftar í skýrslunni eru nánari niðurstöður.



Barna- og unglingastarf

Barna- og unglingastarf er gríðarlega mikilvægt fyrir allar íþróttir enda um að ræða framtíðarspilara í sportinu. Líkt og undanfarin ár bauð FGR upp á sérstök barna- og unglinganámskeið en það eru bæði sumarnámskeið og inniæfingar yfir veturinn og hefur íþróttakennarinn Kristján Dúi haldið utan um þær.

Sumarstarfsmenn

Fjórhða árið í röð fékk Frísbíggfélag Reykjavíkur úthlutað sumarstarfsmönnum frá Reykjavíkurborg en þetta skiptir auðvitað miklu máli varðandi uppbyggingu sportsins í Reykjavík og víðar.

Inniæfingar

FGR hélt sína árlegu þúttkeppni í vetur í íþróttahúsi Fellaskóla og var hún mjög vinsæl en sóttvarnareglur settu aðeins strik í reikninginn og þurfti að tvískipta hópnum til að brjóta ekki reglur um hámarksfjölda keppenda.

FGR bauð uppá inniæfingar í Egilshöll þriðja árið í röð en gera þurfti hlé á þeim í lok vetrar vegna sóttvarnareglna sem heimiluðu ekki inniæfingar. Einnig eru reglulegar æfingar fyrir yngri spilara í Fellaskóla. Einnig var boðið upp á kastæfingar í Boganum Akureyri á meðan reglur leyfðu.

Fjármál

Fjárhagsstaða sambandsins er góð og hagnaður var af síðasta ári. Reikningar eru lagðir fram á aðalfundi og hægt er að nálgast þá hjá stjórn ÍFS.

Frísbíggfélög

Nú eru 8 frísbíggfélög á landinu en starfsemi þeirra er mis öflug. Félögin eru í stafrófsröð: Frísbíggfélag Akureyrar, Frísbíggfélag Reykjavíkur, Frísbíggfélag Suðurlands og Frísbíggfélag Suðurnesja, Frísbíggfklúbbur Garðabæjar, Frísbíggfklúbbur Hafnafjarðar, Frísbíggfklúbbur Hveragerðis, Frísbíggfklúbbur Kópavogs, UMF Samherja Hrafnagili (Frísbíggfdeild). Mikilvægt er að efla starfsemi þeirra og sinna þannig hverju svæði betur auk þess sem innganga okkar í ÍSí er auðsóttari ef öflugt starf er um allt land.

Samstarf ÍFS og FGR

Ávallt hefur verið mikið samstarf á milli ÍFS og Frísbíggfélags Reykjavíkur (FGR) enda liggja hagsmunir víða saman. Útgáfa á kynningarefni, námskeiðahald og samstarf í mótamálum auk þess sem ÍFS hefur fengið aðstöðu í Þorláksgísla 51 þegar húsnæði hefur vantað fyrir fundi o.fl. Einnig má nefna samskipti við íþróttahreyfinguna.

Auðveldara aðgengi að búnaði

Alltaf fjölgar þeim sem flytja inn og selja búnað fyrir frísbíggfið. Stærstu aðilar eru Frísbíggfbúðin og Fuzz frísbíggfbúðin, en vefverslun Elko, Frolf.is og nokkrir aðilar til viðbótar hafa verið að bjóða diska í netsölu. Víða er hægt að fá diska um landið sem yfirleitt eru að selja í umboðssölu fyrir innflutningaðilana og einnig hefur Frísbíllinn verið í samstarfi við Frísbíggfbúðina og mætt á velli og viðburði og selt diska. Það hefur því aldrei verið auðveldara að kaupa diska en í dag og úrvalið gott.

Niðurstöður Gallup könnunar um frísbíggjfiðkun árið 2021



ÍFS fékk Gallup til þess að kanna meðal þjóðarinnar iðkun á frísbíggjfi og niðurstöðurnar staðfestu miklar vinsældir sportins og sýna að um 55.000 Íslendingar spíluðu frísbíggjfi á árinu.

Tölurnar frá Reykjavík eru þannig:

51,4% fólks á aldrinum 18-34 ára spíluðu frísbíggjfi á árinu

44,5% fólks á aldrinum 18-44 ára spíluðu frísbíggjfi á árinu

NEYSLU- OG LÍFSTÍLSKÖNNUN GALLUP 2021



Samanburður milli ára

	2020	2021
Allir 18+	19,2	22,2
Karlar	25,1	27,9
Konur	15,1	16,1
Aldur 18-44	39,6	44,5
Aldur 18-34	47,4	51,4
Aldur 45+	8,9	11,2

Fjöldi á aldrabíli, Stór-Reykjavík

		%	
18-24 ára	21.338	51,1	10.904
18-34 ára	59.747	51,4	30.710
18-44 ára	92.771	44,5	41.283
18 ára og eldri	180.774	22,2	40.132



Viðburðaríkt ár framundan 2022

Við erum fullviss um að vöxturinn í frisbígolfinu muni halda áfram og erum búin undir það á öllum vígstöðvum. Áfram er stefnt að því að fjölga völlum auk þess að stækka þá sem fyrir eru og bæta alla aðstöðu til iðkunar á sportinu. Mótafyrirkomulagið hefur verið endurskipulagt með tilliti til aukins fjölda og nú er áhersla lögð á getuskiptingu í flestum keppnum sem haldnar eru. Það er mikil áskorun að takast á við auknar vinsældir og vonandi verða þessar breytingar til þess að sinna betur mismunandi kröfum ólíkra hópa.

Fleiri nýir vellir

Við finnum áfram fyrir miklum áhuga á frisbígolfi hjá flestum sveitarfélögum og er það von okkar að 10 nýir vellir verði byggðir á árinu auk stækkunar á einhverjum völlum. Þeir bætast þá við þá 80 velli sem fyrir eru en áfram stefnum við að opna hundraðasta völlinn sumarið 2024. Einnig er það von okkar að 18 brauta völlum fjölgi upp í tíu og iðkendafjöldinn verði nálægt 60 þúsund manns á næstu tveimur árum.

Nýr 27 brauta keppnisvöllur

Vinna er í gangi við að finna landssvæði undir nýjan keppnisvöll sem gæti risið á næstu 3-5 árum og eru hafnar viðræður um það við nokkur sveitarfélög. Það er von okkar að einhverjir sjái kost í því að úthluta okkur landi þannig að uppbygging geti farið af stað sem fyrst enda orðið aðkallandi verkefni.

Betri vellir

Auknar vinsældir sportsins kalla á meiri gæði t.d. með betri teigum, merkingum, aðstöðu og frágangi. Það verður áhersluatriði hjá okkur í framtíðinni.

Mótstjórnarnámskeið

Til stendur að halda námskeið fyrir þá sem vilja taka að sér mótahald og stefnt er að það verði haldið áður en keppnistímabilið fer á fullt.


Frisbígolfið hefur aldrei verið vinsælla og við sjáum engin merki um annað en að svo haldi áfram.

Reykjavík, mars 2022


Stjórn ÍFS

Birgir Ómarsson, formaður
Berglind Ásgeirsdóttir, gjaldkeri
Gunnar Einarsson
Runólfur Helgi Jónasson
Svandís Halldórsdóttir






Frísíðgolfvellir sumarið 2021



Sumarið 2009



Vorið 2016